

Losun gróðurhúsalofttegunda úr votlendi – yfirlit umræðu og rannsókna

Samantekt

Losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) frá framræstu votlendi og endurheimt votlendis sem aðgerð í loftslagsmálum hefur mikið verið í umræðunni undanfarin misseri. Dregið hefur í fylkingar þar sem helst er deilt um aðferðir við útreikninga á magni losunar GHL frá framræstu votlendi, skorti á innlendum rannsóknum hvað varðar losun og umfang votlendis og þar af leiðandi óvissu um ávinning af endurheimt votlendis.

Í þessu verkefni sem unnið er af Auði Magnúsdóttur hjá VSÓ Ráðgjöf eru teknar saman niðurstöður fyrirbyggjandi rannsókna sem varða losun GHL frá framræstu votlendi, umfang framræst votlendis og hlutfall lands sem er í notkun. Leitast er við að svara eftirfarandi spurningu:

- Hver er munur á niðurstöðum fyrirbyggjandi rannsókna varðandi losun gróðurhúsalofttegunda, umfang framræsts lands og hlutfall framræsts lands í notkun?

Umfang framræsts votlendis á Íslandi er nokkuð minna en áður var talið og er ástæðan ný og bætt gögn. Þannig var áður talið að framræst land væri 4.191 km² en er nú talið um 2.903 km². Ekki liggja fyrir upplýsingar um hversu mikið af þessu landi er í raunverulegri notkun.

Rannsóknir á losun gróðurhúsalofttegunda frá votlendi á Íslandi eru ekki margar. Niðurstöður rannsókna sem liggja fyrir sýna losun frá framræstu óræktuðu votlendi á nokkru bili eða frá 11,45 til 30,26 t CO₂ígildi á ha á ári en losunarstuðullinn sem Íslandi er gert að nota í losunarbókhaldbandi landsins og kemur frá IPCC (Intergovernmental Panel on Climate Change) er 27,3 t CO₂ígildi á ha á ári.

Ef losun frá framræstu votlendi er reiknuð miðað við ofangreinda stuðla fæst nokkuð mikill munur:

| Losunarstuðull | IPCC | Innlendar rannsóknir | | | | | | |
|---|-------|--------------------------------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|
| | | Árslosun kt CO ₂ íg | | | | | | |
| Árslosun ef umfang framræsts votlendis er 2.903 km ² , og til einföldunar að allt sé óræktað | 7.930 | 3.320 | 4.100 | 4.230 | 6.200 | 6.630 | 8.790 | 9.430 |
| Hlutfall af losun skv. IPCC stuðli | 100% | 42% | 52% | 53% | 78% | 84% | 111% | 119% |

Í blaðagreinum og opinberum greinargerðum hafa verið settar fram tölur um losun frá framræstu votlendi, lengd framræsluskurða og/eða umfang framræsts votlendis. Þessum tölum ber stundum ekki saman og uppruni þeirra er ekki alltaf ljós. Krafa er fyrst og fremst sú að nýjustu tölur séu gerðar skiljanlegar og aðgengilegar og að þær séu notaðar í opinberum gögnum og umræðu.

